

**Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, um flutning þingstaðar.** **40**  
2. maí

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi dags. 9. f. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Mosfellshreppi veitir ráðuneytið hjermeð samþykki til þess að þingstaður nefnds hrepps verði fluttur frá Lágafelli að svo nefndu Brúarlandi við Varmá, enda annist hreppsnefndin um það, að til verði á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

**Brjef atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins til sýslumannsins í Barðastrandarsýslu um sveitfesti þurfalings.** **41**  
28. maí

Oddviti Rauðasandshrepps hefir skotið hingað úrskurði yðar, herra sýslumaður, dags. 16. febr. þ. á., sem ákveður að þurfalingurinn Sigríður Jónsdóttir skuli vera framfærsluskyld í núverandi Rauðasandshreppi.

Þurfalingur þessi, sem er fædd 9. sept. 1903 á Vatneyri við Patreksfjörð, á að lögum framfærslurjett í Rauðasandshreppi hinum forna, sem frá fardögum 1907 var skift í Rauðasandshrepp og Patrekshrepp. Með brjefi stjórnarráðsins 31. ágúst 1908, er skifting sveitarþingsla þeirra, sem síðar kunna til að koma og eiga rót sína að rekja til hins forna hrepps ákveðin þannig, „að þeim íbúum hins forna Rauðasandshrepps, sem eigi höfðu þegið sveitarstyrk áður en honum var skift, en síðar verða styrksþurfar, skuli framfleytt í þeim hinna nýju hreppa, er þeir áttu heimilisfang í er skiftin fóru fram.“ En í þann tíma voru foreldrar þurfalingsins á lífi og bjuggu á Vatneyri og fjell þannig samkvæmt skiftingunni í hlut Patrekshrepps að framfleyta þeim, ef þau yrðu styrksþurfar. Nú stóð svo á að nefnd dóttir þeirra, Sigríður, dvaldi ekki á heimili foreldra sinna um fardagaleytið 1907, heldur var í bráðabirgðadvöl á Sellátranesi, sem er innan núverandi Rauðasandshrepps, og telur hreppsnefnd Patrekshrepps því að Rauðasandshreppur eigi nú að framfleyta stúlku þessari, og hafið þjer fallist á það í úrskurði yðar.

Hvort barnið, sem flutt var aftur heim til foreldra sinna sumarið 1907, var á Sellátranesi í fardögum þetta ár með eða án meðgjafar skiftir hjer ekki máli, því að hin tilvitnuðu ákvæði hjer að ofan ber að skilja á þá leið, að þar sje aðeins átt við þá íbúa hreppsins, sem sjálfráða voru og bærir um að ráða verustað sínum þegar skiftin fóru fram, enda það í samræmi við hina al-

**41** 28. maí mennu reglu í 39. gr. fátækralaganna, að Sigríður, sem var skilgetin, fjelli til framfærslu sama hreppsfrjelags og faðir hennar, það er Patrekshrepps. Ef hið gagnstæða hefði átt að eiga sjer stað, á milli hreppanna innbyrðis, hefði sjerstaklega þurft að vera kveðið á um það í samningi milli hreppanna.

Því úrskurðast: Patrekshreppur á að standa straum af fátækraframfærslu þurfalingsins Sigríðar Jónsdóttur.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar fyrir hreppsnefndum tjeðra hreppa.

**42** 31. maí **Brjef dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, til biskups um flutning sóknarkirkjunnar í Ásmundarstaðasókn í kauptúnið á Raufarhöfn.**

Eftir ósk hlutaðeigandi sóknarnefndar og tillögum hlutaðeigandi prófasts og að undangengnum öðrum undirbúningi, veitir ráðuneytið hjermeð samkvæmt tillögum yðar, háeruverðugi herra, í brjefi, dags. 17. febr. f. á., og með skírskotun til 4. gr. í lögum nr. 45, 16. nóvbr. 1907, um skipun prestakalla, leyfi til þess að söfnuðurinn í Ásmundarstaðasókn í Norður-Þingeyjarprófastdæmi megi flytja sóknarkirkju sína í kauptúnið á Raufarhöfn.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari birtingar, og er yður jafnframt sent endurrit af brjefi atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins hingað, dags. 2. þ. m., þar sem það samþykkir að kirkjan fái full umráð yfir lóð þeirri, er hún á að standa á sem og öllu kirkjugarðsstæðinu.